

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi, Illagil í landi Nesja, Jórugil 1, 3 og 5.

Breytingin felur í sér að lóðum innan skipulagssvæðisins fækkar úr 23 í 21 þar sem lóðirnar Jórugil 1, 3 og 5 sameinast og verða ein lóð með heitið Jórugil 1. Afmörkun lóðarinnar breytist og stækkar hún til norðvesturs og lítillega til austurs og suðurs og fer úr 22.200 m² í 39.078 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 1. ágúst 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 1. ágúst 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.